



Sjöundi fundur stjórnar HSV, starfsárið 2024-25

Haldinn 8 maí 2025. kl. 17:00.

Fundurinn var haldinn í gegnum Teams.

Mættir: Sigurður Jón Hreinsson, Páll Janus Þórðarson, Sif Huld Albertsdóttir Hafsteinn Már Andersen og Magnús Þór Bjarnason

1. Formaður setur fundinn en á dagskrá eru allnokkur atriði sem snúa að Ársþingi HSV.
2. Undirbúningur fyrir ársþings HSV 2025.
  - Skoða þarf orðalag reglugerða héraðssambandsins í ljósi þess að það er án framkvæmdarstjóra. Sif tekur að sér að fara yfir það.
  - Taka þarf fyrir lagabreytingar sem samþykktar voru á ársþingi árið 2023, þar sem athugasemdir ÍSÍ við breytingarnar bárust eftir síðasta ársþing. Birna svæðisfulltrúi tók saman einhvað um það.
  - Fara þarf yfir Viðbragðsáætlun og Jafnréttisáætlun, vegna endurnýjunar á titlinum Fyrirmyndarhérað.
3. Framkvæmd ársþings HSV.
  - Ársreikningar í vinnslu. Ættu að klárast um helgina.
  - Skýrsla stjórnar. Páll Janus fer og tekur einhvað saman.
  - Ársskýrsla 2024. Siggí er í sambandi við Gunnar Bjarna hjá Pixel og kemur á hann gögnum. Sif ætlar að senda mynd fyrir forsíðuna.
  - Síðara fundarboð. Siggí sendir þann póst seinna í kvöld. Kjörbréfin verða sett inn á fundargagnasvæðið á hsv.is.
  - Finna þarf þingforseta. Stungið uppá að ræða við Marinó Hákonarson, Birnu Hannesdóttur og mögulega Anton Helga Guðjónsson.
  - Finna þarf ritara fyrir þingið. Nefndur var möguleikinn á upptöku. Einnig að ræða við Axel, sem var á síðasta þingi. Einni Guðný Stefaníu.
  - Finna þarf nefndarformenn. Síðustu þing hafa starfað tvær nefndir; Allsherjarnefnd og Fjárhagsnefnd.
  - Senda þar boð á þingið til bæjar- og sveitarstjóra.
4. Væntanlegar kosningar á ársþingi HSV.

Virkja þarf uppstillingarnefnd í aðdraganda þingsins og tilkynna nefndarmönnum hvaða stjórnarmenn hafa mögulega áhuga á að halda áfram í stjórn. Í uppstillingarnefnd sitja þau Anton Helgi Guðjónsson, Gylfi Ólafsson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir. Formaður verður í sambandi við Anton og tilkynnir um eftirfarandi:

Sigurður Jón Hreinsson er tilbúinn að halda áfram sem formaður. Magnús Þór Bjarnason og Hafsteinn Már Andersen voru kosnir til tveggja ára á síðasta ársþingi og



sitja því áfram. Páll Janus Þórðarson, Axel Sveinsson og Sif Huld Albertsdóttir (Anton Helgi Guðjónsson og Ingibjörg Elín Magnúsdóttir) eru öll að ganga úr stjórn

#### 5. Afrekssjóður.

Í janúar var auglýst til umsóknar, styrkir úr afrekssjóði HSV og var umsóknarfrestur til 26 janúar og var málið afhent stjórn Afrekssjóðs til umfjöllunar þann 10 febrúar. Þann 31 mars sendi formaður stjórnar Afrekssjóðs fundargerð á formann HSV. Í framhaldi af því gerði stjórn HSV allnokkrar athugasemdir við ákvarðanir sjóðsins og óskaði eftir fundi með stjórn sjóðsins til að fá rökstuðning fyrir þeim atriðum og var eftirfarandi atriðum komið á formann sjóðsins svo stjórn sjóðsins gæti undirbúið sín svör.

- Áætlaðar tekjur sjóðsins á þessu ári eru um 3,3 milljónir króna, þar af eru um hálf milljón í vaxtatekjur. Höfuðstóll sjóðsins er hugsaður í þeim tilgangi, til að skapa vaxtatekjur, ekki til að greiða út. Áætlað tap sjóðsins á þessu ári mv afgreiðslu stjórnar sjóðsins er um 1,6 milljón króna. Með sama framhaldi klárast höfuðstóllinn á fjórum árum og árlegar tekjur sjóðsins minnka um þessa hálf milljón á ári. Viljum rökstuðning.
- Stakir styrkir eru mun lægri en áður og lækka um meira en helming á hvern einstakling.
- Hver eru rökin fyrir upphæð stakra styrkja. Ein upphæðin er tvöföld á við aðrar, hver eru rökin fyrir því?
- Falla allir umsækjendur örugglega undir reglur sjóðsins. Er verið að setja fordæmi með þessari úthlutun.
- Einn umsækjandi fær 40þúsund kr hækkun í mánaðarlegum styrkjum eða um 30%, frá fyrra ári og tekur til sín 43% af útgjöldum sjóðsins. Hver eru rökin ?
- Eru almennt einhver rök fyrir þeim upphæðum sem ákveðnar voru í mánaðarlega strki.
- Mönnun sjóðsins er ekki í samræmi við reglugerð hans. Ekki beint við stjórn sjóðsins að sakast. En er afar óheppilegt að stjórn telji atriðið ekki skipta máli.

Um síðast talda atriðið var óskað eftir áliti frá lögfræðingi ÍSÍ, sem gaf það svar að misbrestur á hæfi hefur þær afleiðingar að ákvörðun er ógildanleg.

„Ef það er ekki búið að kynna ákvörðun um úthlutun mæli með að þið kallið stjórn sjóðsins saman aftur til að fara yfir umsóknir og kallið varamann inn fyrir vanhæfa stjórnarmanninn. Aftur verið farið yfir umsóknirnar og ákvörðun um úthlutanir tekin að nýju.“

Stjórn sjóðsins hefur í engu svarað þeim óskum stjórnar HSV að funda til að ræða málið, eða gefið neinn rökstuðning fyrir niðurstöðu sinni. Er það því mat stjórnar HSV



að heppilegast sé að málið verði tekið til umræðu á Ársþingi HSV og lagðar línur um þau atriði sem ekki er samstaða um.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 18:20

Fundargerð ritaði Siggi Hreins